



Þemagreining

Daníel Freyr Jónsson



Hvað er þemagreining?

- Notuð í eigindlegum rannsóknum, s.s. djúpvíðtölum og vettvangsrannsóknum
- Notuð til að skilja betur gögnin sem verið er að skoða
- Reynt að sjá mynstur í gögnunum og flokka þau saman
- Flokkum mynstrin sem birtast í undir- og yfirflokkum
- Þessir flokkar mynda grunn að uppbyggingu niðurstöðu og umfjöllunar í rannsóknum

Ferlið

Undirbúum gögnin, t.d. með uppskrift viðtals

Leitum að þemum í gögnunum

Endurskoðum þemun, flokkum þau saman og myndum yfirflokka


Skrifum upp grind að niðurstöðu- og umfjöllunarkafla út frá yfirflokkunum

Skrifum niðurstöðukafla og umfjöllunarkafla

Dæmi – úr viðtali um sjoppumenningu

„Við fórum alltaf niðri sjoppu á kvöldin ... sumir áttu pening og ef maður var einn af þeim keypti maður litla kók í gleri og lakkrísör. [þögn] Svo var bara hangið þarna ... jafnvel tímunum saman ... eða þangað til sjoppukallinn rak mann út. [þögn] Stundum voru slagsmál fyrir utan ... ég man samt ekki eftir að neinn hafi slasast og það þurfti aldrei að kalla til lögguna svo ég muni.“

- Í þessu svari úr rannsókn á sjoppumenningu má greina nokkur þemu: Tíminn (á kvöldin, jafnvel tímunum saman), Nammið (kók og lakkrísör), efnahagur (sumir áttu pening ekki aðrir), starfsfólk (sjoppukallinn), ofbeldi (slagsmál), afleiðingar (enginn slasast, ekki þörf á löggum)
- Ef þessi þemu koma fram í fleiri svörum eykst mikilvægi þeirra. Þema sem einungis kemur fram einu sinni er ekki mikilvægt.
- Hægt er að flokka einhver þessara þema saman í yfirþema:
 - Vandamál – starfsfólk, ofbeldi, afleiðingar



Dæmi um þemu
sem uppbygging
á köflum í
rannsóknarskýrslu
um brottfall í
háskólanámi

Niðurstöður:

- Tilgangsleysi
- Ástæður
- Aðstæður
- Upplifun
- Að hætta
- Viðhorf

Þetta eru þá þeir yfirflokkar sem hægt var að flokka í það sem viðmælendur sögðu í rannsókninni. Í niðurstöðukafla er einungis sagt frá því sem viðmælendur sögðu og tengist viðkomandi þema og notaðar beinar tilvitnanir í viðmælendur.

Í umfjöllunarkafla ...

... má nota sömu uppbyggingu og í niðurstöðukafla eða búa til nýjar fyrirsagnir út frá því hvernig umfjöllunin er.

... fjöllum við um niðurstöðurnar (yfirleitt út frá því sem fram hefur komið í fræðilegum kafla fyrir í skýrslunni).

... reynum við að enda á því að fjalla um hvaða spurningar vakna í kjölfar rannsóknarinnar og hvernig væri hægt að vinna áfram með viðfangsefnið.